

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur fyrir kalt vatn.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald ársins 2013 og framvegis, þar til annað verður ákveðið, er reiknað skv. eftirfarandi reglu:

Vatnsgjald er 5.315,62 kr. fastagjald + 206,26 kr. á hvern fermetra miðað við hverja mats-einingu skv. fasteignamati. Í Borgarbyggð (þéttbýli), Stykkishólmi, Grundarfirði, Gráborg-arveitu*), Munaðarnesveitu*) og Úthlíðarveitu*) er fastagjald 6.065,01 kr. + 266,98 kr. á hvern fermetra. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitunnar. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2012 og uppfærast skv. henni í desember ár hvert.

*) Vatnsveitur í sumarhúsabygðum. Árlegt vatnsgjald skal að lágmarki vera 28.496 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald þann 1. janúar 2013 er 27,83 kr./m³.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

Stærð mælis	Kr./dag
15 mm	33,11
20 mm	33,72
25 mm	43,40
32 mm	48,63
40 mm	58,52
50 mm	71,58
80 mm	187,35
≥ 100 mm	196,97

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað OR við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af OR.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm	110 mm
Heimæðar-gjald kr.:	247.414	353.573	505.283	731.356	966.676	1.294.110	1.784.071

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá OR.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu í desember 2012 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Nr. 1102

17. desember 2012

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1285/2011.

Reykjavík, 17. desember 2012.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur,
Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri þjónustu.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2012